

Sp.

79. Tillaga til þingsályktunar

[46. mál]

um þjóðháttasögu Íslendinga.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson,
Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd, er hafi forgöngu um að safna heimildum og láta skrá þjóðháttasögu Íslendinga, sem gefin verði út af Bókaútgáfu menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins. Í riti þessu skal lýsa svo skilmerkilega sem kostur er þróun íslenskra þjóðháttanna á sem flestum sviðum.

Nefndin skal skipuð þjóðminjaverði, einum manni tilnefndum af heimspeki-deild Háskóla Íslands og einum manni tilnefndum af menntamálaráði.

Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Landssamband iðnaðarmanna.

Greinargerð.

Hin sérstæða menning íslensku þjóðarinnar veitir henni framar öllu öðru rétt til sjálfstæðis.

Frá öndverðu hefur þjóðin leitað sér bjargræðis á landi og sæ og háð lífsbaráttu við íslensk náttúruöfl. Á þeim vettvangi hefur íslensk menning þróast og dafnað þrátt fyrir ýmis skakkaföll.

Íslendingar hafa oft verið nefndir söguþjóðin, enda ávallt lagt rækt við sögu sína. Það er meginstyrkur íslenskrar menningar, að þráður sögunnar er óslitinn, frá því að land var numið. En sú saga er fyrst og fremst um þá menn, sem lifað hafa og starfað í landinu, stjórnarskipun þjóðarinnar og sjálfstæðisbaráttu.

Starfsemi þjóðarinnar og skilyrði til velmegunar hafa jafnan verið í nánnum tengslum við íslenska þjóðhátta, en um þá er engin samfelld saga, heldur sundurleitar heimildir, og mikið af því efni er einungis geymt í minni manna.

Á öllum öldum hafa þjóðhættir tekið breytingum, en aldrei hafa þær orðið jafnhraðar og stórfelldar sem á síðustu árum.

Ýmissa ráða hefur verið leitað til að koma í veg fyrir, að tengsl milli fortíðar og nútíðar rofni á þessu sviði: Þjóðminjasafnið hefur verið eflt, byggðasöfnum komið upp í ýmsum héruðum og kvikmyndir gerðar af nokkrum þáttum úr atvinnulífinu. Þetta er gott, en þó ekki fullnægjandi. Söguþjóðin getur ekki látið sér nægja minna en skráða þjóðháttasögu, svo skilmerkilega og fullkomna sem kostur

er. Hún yrði veigamikill þáttur íslenzkrar sögu og mundi stuðla að því að koma í veg fyrir, að brotalöm myndist í þessum þætti íslenzkrar menningar.

Efni þjóðháttasögu verður mjög viðtækt. Á síðustu áratugum hafa atvinnu-
hættir þjóðarinnar gerbreytzt, ný tæki rutt sér til rúms, en hin eldri verið lögð til
hliðar og vinnubrögð tekið stakkaskiptum í samræmi við það. Meginefni þjóðháttasögu
verður nákvæm lýsing á þróun íslenzkra atvinnuvega. Í slíku riti ber þó
jafnframt að fjalla um fleira, svo sem heimilishætti, félagsstörf og samkomur.

Um suma þætti þessa efnis hefur nokkuð verið ritað. Íslenzkir þjóðhættir eftir
Jónas Jónasson eru stutt ágríp af þjóðháttasögu. Iðnsaga Íslands veitir mikla
fræðslu um þróun iðnaðar hér á landi, þó að þar við megi auka.

Flutningsmönnum þessarar þáttill. er það einnig kunnugt, að unnið er að því
að kanna heimildir um vissa þætti þessa efnis. Í fjárlögum fyrir árið 1959 eru
veittar til þjóðfræðasöfnunar 30 þús. kr. Fyrir það fé er unnið að því fyrir for-
göngu og með umsjá þjóðminjavarðar að safna heimildum um vissa þætti land-
búnaðarstarfa. Lúðvík Kristjánsson ritstjóri hefur unnið að því árum saman að
safna efni í skilmerkilega sögu um þróun bátaútvegsins. En hann mun eiga alllangt
í land með að ljúka verkinu með því að skrá þá sögu, og hann hefur ekki haft
tök á að fjalla um aðra þætti sjávarútvegsins. Þetta sýnir, að ýmsir hafa áhuga á
þessu máli, enda mun það verða æ augljósara, er tímar líða, að það er mikilsvert
menningaratriði, að ekki sé látið undir höfuð leggjast að taka þetta mál föstum
tökum.

Undirbúning að útgáfu þjóðháttasögu má greina í þrjá þætti: heimildasöfnun,
ritstörf og útgáfu ritsins. Við söfnun heimilda þarf að sýna mikla alúð og nákvæmni.
Skráðar heimildir um þetta efni eru ekki fullnægjandi, þótt kannaðar séu. Vinda
þarf bráðan bug að því að skrásetja margt um þetta efni eftir frásögn núlifandi
manna. Það er ætlun flutningsmanna, að nefndin, sem skipa á samkvæmt þessari
tillögu, hafi forgöngu um, að skipulega sé unnið og markvíst að söfnun heimilda
og með þeim hraða, sem fært þykir. Jafnskjótt og aflað hefur verið fullnægjandi
heimilda, að dómi nefndarinnar, um hvern meginþátt þessa efnis fyrir sig, verði
hafizt handa um að rita þjóðháttasöguna og við það höfð hæfileg verkaskipting.
Síðan gefi Bókaútgáfa menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins ritið út, eftir því sem
handrit verða fullgerð.

Flutningsmenn telja rétt, að í starfi sínu hafi nefndin samráð við stofnanir þær,
sem starfa að félags- og menningarmálum á vegum aðalatvinnuvega þjóðarinnar,
og leiti þar aðstoðar.

Það er ætlun flutningsmanna, að kostnaður við þetta verk verði að nokkru
leyti greiddur af fé menningarsjóðs, að nokkru leyti með framlögum samkvæmt
fjárlögum og enn fremur verði leitað samninga við stofnanir þær, sem nefndin á
að hafa samráð við, um fjárhagslegan stuðning við verkið. Og ef til vill koma
fleiri stofnanir til greina í þessu sambandi.